



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

14. feb. 2019 – Pistill nr. 48



Glatt var á hjalla á fundi sveitarstjórnar þegar Gréta Bergrún kynnti fyrstu niðurstöður könnunar um hamingju og vellíðan í Mývatnssveit. Spennandi tímar framundan við að auka enn frekar við hamingju Mývetninga.

Fyrstu niðurstöður hamingjukönnunar kynntar

Á fundi sveitarstjórnar í gær mætti Gréta Bergrún Jóhannsdóttir frá Þekkingarneti Þingeyinga til að kynna fyrstu niðurstöður könnunar um hamingju og vellíðan í Mývatnssveit en þetta verkefni okkar hefur vakið verðskuldaða athygli. Sagði Gréta að hér væri um einstakt verkefni að ræða á landsvísu. Þátttaka í könnuninni á meðal Mývetninga var mjög góð og dreifðist svörin vel á milli aldurshópa. Meðal annars var spurt um svefn, hreyfingu og tegund hennar, mataræði, líkamlega heilsu, andlega heilsu, hamingju, streitu, einmanaleika, fjárhagslega afkomu o.fl. Niðurstöðurnar verða kynntar nánar á næstunni, m.a. í Landanum en fulltrúar þessa vinsælasta sjónvarpsþáttar landsins mættu á fund sveitarstjórnar til að kynna sér niðurstöðurnar og tóku okkur tali.

Segja má að niðurstöðurnar hafi verið jákvæðar að mörgu leyti og Mývetningar séu ekki síður hamingjusamari en aðrir landsmenn. Hins vegar blasa við ýmis tækifæri til þess að auka hamingju og líðan Mývetninga. Sérstaka athygli vekur að eldri Mývetningar virðast vera þeir hamingjusöm-ustu á landinu en sá aldurshópur sem þarf að huga sérstaklega að er 41 til 50 ára. Sveitarstjórn mun nú rýna vel í niðurstöðurnar, bera saman við gögn frá Embætti landlæknis og meistararitgerð Jóhönnu Jóhannesdóttur um líðan Mývetninga og setja af stað aðgerðaráætlun þar sem markmiðið er að setja í gang verkefni sem ætlað er að auka hamingju í okkar dásamlega sveitarfélagi. Því eru afar spennandi tímar framundan en þetta er eitthvert skemmtilegasta verkefni sem ég hef komið að.



Helgi, Davíð, Kolbrún, Ingibjörg og Hilda að ræða umferðaröryggismálin.

Öflugur fundur um Umferðaröryggismál

Íbúafundur var haldinn um umferðaröryggismál í Skútustaðahreppi síðasta mánudag á vegum

stýrihóps um verkefnið. Vel á þriðja tug fólks mætti. Fundurinn var virkilega öflugur og komu fram fjölmargar ábendingar frá íbúum til þess að auka umferðaröryggi í Mývatnssveit. Fulltrúi Vegagerðarinnar og lögreglu sátu einnig fundinn. Í október í fyrra gerði Skútustaðahreppur samning við Samgöngustofu um gerð Umferðaröryggisáætlunar og var íbúafundurinn liður í þeirri vinnu. Tilgangur Umferðaröryggisáætlunar er m.a. að auka vitund íbúa um umferðaröryggi og fá þá að borðinu til að vinna að bættu umferðaröryggi, áætlunin myndar heildarsýn og samhengi í umferðaröryggisvinnu.



Sigurður, Sigríður, Júlíus og Dagbjört skiptast á hugmyndum um aukið umferðaröryggi.

Endurskoðaðar snjómokstursreglur

Fyrir sveitarstjórn voru lagðar fram endurskoðaðar snjómokstursreglur fyrir Skútustaðahrepp í ljósi reynslunnar undanfarin tvö ár. Um viðmiðunarreglur er að ræða.

Sveitarstjórn samþykkti snjómokstursreglurnar samhljóða og er hægt að nálgast þær á heimasíðu sveitarfélagsins.

Enn aukning í aðsókn í íþróttahúsinu

Ásta Price, forstöðumaður íþróttahússins, hefur tekið saman aðsókn í íþróttamiðstöðina síðustu þrjú árin. Í stuttu máli hefur aðsóknin aukist ár frá ári, sérstaklega í þreksalnum. Í upphafi árs 2017 var líkamsræktaraðstaðan tekin í gegn og hefur það skilað sér í aukinni aðsókn sem nemur hvorki meira né minna en 77% frá þeim tíma. Þá má geta þess

að 143 lykilkort eru í umferð en þau veita aðgang að líkamsræktinni frá kl. 6 á morgnana til miðnættis.

Ár	Skóli	Leikskóli	Þrek	Íþrótt.salur
2016	3004	365	2557	9978
2017	2965	785	4481	12425
2018	3083	1017	4518	13561



Sveitarstjóri með Jóhönnu og Sigurbirni frá Mývetningi við undirritun samningsins.

Nýr samningur við Mývetning

Á fundi sveitarstjórnar var lagður fram nýr samningur Skútustaðahrepps og Mývetnings, íþrótt- og ungmennafélags, til næstu þriggja ára. Samningi þessum er ætlað að efla samstarf Skútustaðahrepps og Mývetnings um eflingu íþróttastarfs með megináherslu á öflugt íþrótt-, forvarna- og tólmundastarf fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6-16 ára, styrkja starf Mývetnings og efla félagsaðstöðu Mývetnings.

Upphæð samningsins pr. ár er 1 m.kr. og hækkar framlagið um 35% á ári frá síðasta samningi. Sveitarstjórn samþykkti samninginn samhljóða en fjárframlagið er í samræmi við fjárhagsáætlun ársins.

Sveitarstjórn samþykkti jafnfamt rekstrarsamning við Héraðssamband Þingeyinga (HSP) vegna framlag til rekstursins árin 2019 til 2021.

Framlag sveitarfélagsins er 640 kr. á hvern íbúa á ári sem er 6,7% hækkun frá síðasta samningi og rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Gönguskíðanámskeið um helgina

Helgina 15. - 17. febrúar heldur Mývetningur tvö gönguskíðanámskeið, byrjendanámskeið og fyrir lengra komna. Nánari tímasetningar og staðsetning á Facebook síðu Mývetnings. Kennari er Þóroddur frá Grænavatni. Áhugasamir skrái sig á netfangið myvetningur@gmail.com eða á Facebook síðu Mývetnings. Nú þegar hafa um 30 manns skráð sig!



Vel var mætt á aðalfundi Félags eldri Mývetninga.



Nemendur á miðstigi sáu um skemmtilega spurningakeppni.

Skemmtilegt þorralót í Reykjahlíðarskóla

Í síðustu viku stóð foreldrafélagið fyrir hinu árlega þorralóti í Reykjahlíðarskóla. Þangað fjölmenntu foreldrar, ömmur og afar og góðir gestir ásamt öllum nemendum skólans og starfsfólki. Var þetta sérlega ánægjuleg kvöldstund þar sem nemendur skólans fengu að njóta sín í skemmtiatriðum, hvert öðru betra. Er þetta þorralót skemmtileg hefð í skólanum. Ég þakka fyrir gott boð.



Frá aðalfundi Félags eldri Mývetninga. Halldór fer yfir reikninga félagsins.

Fjölmennti á aðalfundi Félags eldri Mývetninga

Aðalfundur Félags eldri Mývetninga var haldinn í gær og var mæting góð. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf og í lok fundarins voru líflegar umræður þar sem eldri borgarar beindu m.a. ýmsum spurningum til sveitarstjórans sem var viðstaddur. Ásdís Illugadóttir verður áfram formaður, Ásta Þ. Lárusdóttir ritari og Halldór Þ. Sigurðsson gjaldkeri.

Samverustundir eru á miðvikudögum yfir vetrartímann kl. 11:50. Byrjað er á léttum æfingum í íþróttasal. Umsjón félagsstarfsins: Þórdís Jónsdóttir (Dísa), sími 867 8249, disajon@nett.is. Til aðstoðar er Ásta Price.

Boðið er upp á auka leikfímistíma fyrir eldri borgara á mánudögum kl. 10:00 í íþróttahúsinu hjá Ástu Price. Boðið er upp á akstur í samverustundina á vegum sveitarfélagsins og er það eldri borgurum að kostnaðarlausu.

Umsagnir óskast um endurskoðaða Lýðheilsustefnu Skútustaðahrepps

Sveitarstjórn hefur samþykkt að tillögu velferðar- og menningarmálanefndar að endurskoðuð lýðheilsustefna fyrir sveitarfélagið Skútustaðahrepp fari til umsagnar íbúa Skútustaðahrepps áður en hún verður tekinn til endanlegrar afgreiðslu. Þessi uppfærða útgáfa af Lýðheilsustefnu var unnin af stýrihóp um Heilsuefandi samfélag. Hún byggir á stefnu eldri stýrihóps frá 2015 sem var mjög góður grunnur fyrir þessa vinnu.

Yfirmarkmið Lýðheilsustefnunnar er að Skútustaðahreppur verði heilbrigðasta og hamingjusamasta sveitarfélag landsins 2030 og að Skútustaðahreppur sé sveitarfélag sem hefur fjölskylduna í fyrirrúmi.

Þeir sem vilja koma ábendingum og/eða athugasemdum á framfæri um Lýðheilsustefnuna eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið thorsteinn@skutustaðahreppur.is í síðasta lagi fimmtudaginn 28. febrúar n.k.

Skipað í tvo starfshópa

Á fundi sveitarstjórnar voru samþykkt erindisbréf og skipan í tvo stýrihópa.

Annars vegar fyrir starfshóp um heftingu á útbreiðslu ágengra tegunda. Sigurður Guðni Böðvarsson og Hjördís Finnbogadóttir verða fulltrúar Skútustaðahrepps og Sigurður verður formaður. Fulltrúar annarra aðila í hópnum eru:

Fjöregg: Hilda Kristjánsdóttir

Umhverfisstofnun: Davíð Örvar Hansson

RAMÝ: Árni Einarsson

Landgræðslan: Daði Lange Friðriksson

Náttúrustofa Norðausturlands: Sigprúður Stella Jóhannsdóttir

Hins vegar var samþykktur stýrihópur um um lífrænan úrgang og að Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir og Arna Hjörleifsdóttir verði fulltrúar Skútustaðahrepps og að Jóhanna Katrín verði formaður.

Fulltrúar annarra aðila í starfshópnum:

Reykjahlíðarskóli: Arnheiður Rán Almarsdóttir.

Fjöregg: Valerija Kiskurno.

Landgræðslan: Daði Lange Friðriksson.

Jafnframt hefur Umhverfisstofnun verið boðið að tilnefna sinn fulltrúa.

Sveitarstjórn skoðar raforkuviðskipti

Á fundi sveitarstjórnar í gær var lagt fram yfirlit yfir raforkuviðskipti sveitarfélagsins á síðasta ári. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að skoða nánar raforkuviðskipti sveitarfélagsins í samræmi við umræður á fundinum.

Sveitarstjórn lýsir jafnframt yfir óánægju sinni með rafmagnsleysi og rafmagnstrufflanir sem urðu yfir jólin í Skútustaðahreppi og felur sveitarstjóra og oddvita að ræða við RARIK vegna málsins.



Tvisvar til þrisvar í viku mætir úrvalshópur vaskra peyja og stundum meyyja á fótboltaæfingar í íþróttahúsinu. Hér má sjá rjómann af þessum öflugum fótboldaköppum nema þess ber að geta að þjálfarinn Júlíus Björnsson var þarna fjarri góðu gamni.

HRÓS DAGSINS...

Fær íþróttafólkið okkar í Mývatnssveit en við erum Heilsueflandi samfélag. Mývetningur fær hrós fyrir að skipuleggja skíðagöngunámskeið um helgina og að halda Kröfluskiðalyftunni opinni, Ingibjörg Helga og Valerija fyrir Zumba fitness tímana og Hinrik fyrir þrektímana.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanfögnu, m.a. fundi fjölmeningarhóps, atvinnumála- og framkvæmdamálanefndar, stjórnarfund í Samtökum orkusveitarfélaga, velferðar- og menningarmálanefnd, íbúafund um umferðaröryggismál auk ýmissa annarra funda. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri